

Borgarráð 30.8.'18: Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um að könnuð verði áhrif útvistunar á kjör launafólks - R18060137

Lagt er til að áhrif útvistunar á kjör launafólks sem starfar í stofnunum og fyrirtækjum á vegum Reykjavíkurborgar og félögum sem borgin á hlut að verði könnuð. Hér er sérstaklega verið að vísa til þeirra sem starfa við ræstingar, í mötuneytum og í akstursþjónustu. Þó að borgarsjóður sé einungis minnihluta eigandi að ýmsum fyrirtækjum, líkt og framkemur í umsögn fjármálaskrifstofu, þá legg ég til að umfang útvistunar sé líka kannað þar, því að líkt og upprunalega tillagan segir vill Sósíalistaflokkurinn kanna þetta líka í félögum sem borgin á hlut að.